



Borgarholtsskóli
bókmennt • handmennt • siðmennt

Haust 2016

Skýrsla um innra mat í Borgarholtsskóla skólaárið 2015 – 2016



Efnisyfirlit

INNGANGUR	3
MARKMIÐ SJÁLFSMATS BORGARHOLTSSKÓLA	3
PÁTTTAKENDUR Í INNRA MATI	4
VIÐHORFSKANNANIR YNGRI OG ELDRI NEMENDA	4
YNGRI NEMAR, OKTÓBER 2015	4
ELDRI NEMAR, OKTÓBER 2015.....	5
ÁFANGAKANNANIR	6
VIÐHORFSKÖNNUN MEÐAL STARFSMANNA	6
UMBÓTTAÆÐGERÐIR	6

Inngangur

Markmið sjálfsmats Borgarholtsskóla

Sjálfsmati skólans er ætlað að ná til helstu þátta skólastarfsins; kennslu, stjórnunar og samskipta innan skólans, þ.m.t. stoðþjónustu. Sjálfsmatið er unnið í nánnum tengslum við skólanámskrá og stefnuskrá skólans. Niðurstöður matsins eru jafnharðan leiðbeinandi um umbætur í skólastarfinu og samskipti og samstarf starfsmanna skólans, nemenda og annarra sem skólastarfseminna varðar.

Verkáætlun 2013-2016

Áætlun um innra mat í Borgarholtsskóla er gerð í samræmi við fyrirmæli laga um framhaldsskóla nr. 92/2008. Hér segir:

Mat og eftirlit með gæðum.

40. gr.

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í framhaldsskólum er að:

- a. veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks framhaldsskóla, viðtökuskóla, atvinnulífs, foreldra og nemenda,
- b. tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár framhaldsskóla,
- c. auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,
- d. tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

41. gr.

Innra mat.

Hver framhaldsskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 40. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á.

Framhaldsskóli birtir opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.

Þriggja ára verkáætlun fyrir árin 2016-19 liggur fyrir og byggir að verulegu leyti á vekáætlun fyrir árin 2013-16. Allar rafrænar kannanir eru áfram unnar í samstarfi við Upplýsingatæknisetrið STEFNU ehf. á Akureyri.

Þátttakendur í innra mati

Yfirumsjón sjálfsmats Borgarholtsskóla er í höndum skólameistara, aðstoðarskólameistara og verkefnastjóra gæðamála. Þeir gera áætlanir um viðhald sjálfsmats skólans, samþykkja gögn og verkefni, bera ábyrgð á úrvinnslu og skýrslugerð. Þeir sjá sömuleiðis um að umbætur komi til framkvæmda. Kennslustjórar hafa umsjón með þáttum sem varða viðkomandi námsbrautir.

Starfandi er gæðaráð sem er til halds og trausts varðandi framkvæmd einstakra þátta matsins, s.s. við úrvinnslu og efni í skýrslu og gerir hann tillögur um umbótaáætlanir. Í gæðaráði eru: skólameistari, aðstoðarskólameistari, áfangastjóri, verkefnastjóri gæðamála, einn kennslustjóri og safnstjóri. Gæta ber að hafa jafnt kynjahlutfall og eðlilega dreifingu milli bóknáms, verknáms, listnáms eða annars náms. Gæðaráð hefur jafnframt yfirumsjón með gæðahandbók sem er í smíðum.

Viðhorfskannanir yngri og eldri nemenda

Á haustönn 2015 voru gerðar kannanir á viðhorfi til skólastarfsins og veru í skólanum meðal eldri og yngri dagskólanemenda. Yngri nemendur eru fyrsta árs nemendur hverju sinni og eldri nemendur aðrir nemendur skólans. Niðurstöður voru kynntar á kennarafundi 12. nóvember 2015. Hægt er að nálgast niðurstöður á vef skólans.


Yngri nemar, október 2015

Alls svöruðu 147 nemendur viðhorfskönnun um ýmsa þætti skólastarfsins. Nemendur dreifðust hlutfallslega á eftirfarandi hátt milli brauta skólans: Bóknám til stúdentsprófs: 47%, lista- og fjölmiðlasvið: 21%, málm- og véltækisvið: 4%, bíliðngreinar: 4%, þjónustubrautir: 0%, framhaldsskólabraut: 24%.

Ekki eru mikil frávik frá niðurstöðum sömu könnunar frá árinu áður (2014). Ef miðað er við 10% frávik eða meira varðar mismunurinn einkum eftirfarandi spurningar:

Viðhorfskönnun yngri nema 2015

Frávik frá síðustu könnun 2014 („mjög sammála“ + „sammála“)




Eldri nemar, október 2015

Alls svöruðu 189 eldri nemendur viðhorfskönnun um ýmsa þætti skólstarfsins. Nemendur dreifðust með eftirfarandi hætti á milli brauta skólans: Bóknám til stúdentsprófs: 47%, lista- og fjölmiðlasvið: 22%, málm- og véltækisvið: 12%, bílgreinar: 13%, þjónustubrautir: 6%. Frávik frá könnuninni árið áður (2014) vörðuðu einkum eftirfarandi spurningar:

Viðhorfskönnun eldri nema 2015

Frávik frá síðustu könnun („mjög sammála“ + „sammála“)



Áfangakannanir

Á þriggja ára tímabili er lagt mat á flesta áfanga og eru kennarar metnir af nemendum þeirra. Í nóvember var lagt mat á 28 áfanga hjá 9 kennurum í dagskóla og dreifnámi (sérstök könnun á dreifnámi lögð fyrir á Námsþingi skólans). Í kjölfarið voru viðkomandi kennarar teknir í starfsmannaviðtal. Í apríl 2016 var lagt mat á 33 áfanga hjá 12 kennurum í dagskóla og dreifnámi (sérstök könnun á Námsþingi skólans). Eftir að niðurstöður úr matinu lágu fyrir fékk viðkomandi kennari þær sendar ásamt skólameistara. Niðurstöður áfangakannana eru trúnaðarmál kennara og stjórnenda en ef um vandamál er að ræða sem grípa þarf inn í kemur til kasta skólameistara að leita leiða til úrlausna með viðkomandi kennara. Vegna dráttar á ráðningu í embætti skólameistara var ákveðið að fresta viðtölum við þá tólf kennara sem lentu í úrtaki til hausts 2016.

Viðhorfskönnun meðal starfsmanna

Viðhorfskönnun meðal starfsmanna var gerð dagana 11.–19. mars 2016. Alls svöruðu 65 starfsmenn könnuninni. Helstu niðurstöður voru kynntar á kennarafundi þann 14. apríl 2016 með því að bera niðurstöður saman við svipaða könnun tveimur árum áður. Jafnframt voru niðurstöður birtar á vef skólans. Sá samanburður leiddi í ljós mun jákvæðara viðhorf nú gagnvart vinnustaðnum, samstarfsfólki (þar á meðal stjórnendum), stefnu skólans, aðstöðu og fleiru. Orðalagi nokkurra spurninga var breytt frá könnuninni 2014 þar sem spurt var um stjórnendur en óljóst þótti hverja svarendur teldu til stjórnenda. Í ljósi þess að gerð er sérstök könnun á viðhorfi til kennslustjóra var ákveðið að spyrja um skólameistara (báða) í stað skólastjórnenda. Tveimur spurningum sem þóttu tilgangslitlar var sleppt og spurningu sem varðaði einelti var breytt með þeim hætti að spurt var beint hvort viðkomandi hefði sjálfur orðið fyrir einelti af hálfu samstarfsfólks síðastliðna sex mánuði í stað þess að spyrja hvort hann hefði orðið var við einelti á vinnustað sínum. Svörin leiddu í ljós að um 17% töldu sig hafa orðið fyrir einelti sem jafngildir um 20 – 25 einstaklingum í öllum skólanum. Þessi niðurstaða gaf, að mati gæðaráðs, helsta tilefni til aðgerða af þeim atriðum sem spurt var um.

Umbótaáætlun

Umbótaáætlun fyrir skólaárið 2015-16 var í eftirfarandi liðum:

1. **Umsjónarkerfi skólans**
2. **Lýðræði nemenda**
3. **Heilsuefling gegn kvíða streitu og álagi.**
4. **Mötuneyti skólans**
5. **Námsþing Borgarholtsskóla**

1. Umsjónarkerfi skólans

Frá hausti 2014 hafa ekki allir eldri nemendur haft fastan umsjónarkennara vegna kjaradeilna sem leitt hefur til þess að ráðgjöf og stuðningur við nemendur hefur dregist saman.

Stefnt var að því að finna varanlega lausn sem leiða myndi til þess að allir nemendur skólans fengju fastan, skráðan umsjónarkennara. Jafnframt var stefnt að því að skilgreint yrði og að sátt næðist um í hverju starf umsjónarkennara eldri nema skyldi felast í samræmi við starfsskyldur kennara.

Ekki tókst að ná þessu markmiði. Málefnið þarfnast frekari umræðu og skilgreiningar.

2. Lýðræði nemenda

Könnun meðal nemenda leiddi í ljós að nemendur töldu sig ekki geta haft mikil áhrif á nám sitt og málefni skólans. Nauðsynlegt er að bæta menningu Borgarholtsskóla að þessu leyti enda í samræmi við framhaldsskólalög, aðalnámskrá framhaldsskóla og stefnuskrá skólans að efla lýðræðisvitund og áhrif nemenda.

Stefnt var að því að efla skólaráð á ný sem vettvang lýðræðisumbóta og að skólinn myndi efna til a.m.k. eins fundar á hverju skólaári með nemendum með „þjóðfundarfyrirkomulagi“. Skólafundur og skólanefnd yrðu farvegur fyrir nemendur til að koma með ábendingar um það sem betur má fara. Lögð skyldi áhersla á að hvetja til opinnar umræðu og virkrar hlustunar í skólastarfi á sjónarmið nemenda um áherslur, fyrirkomulag, álag og kröfur í náminu.

Á síðasta skólaári var stjórn nemendafélags hvött til að nýta sér lýðræðislegar leiðir til að hafa áhrif á skólastarf, m.a. gegnum formlegt samráð á skólafundum, í skólaráði og á vikulegum fundum forvarnar- og félagsmálateymis með stjórn nemendafélagsins. Skólafundur og fundir í skólaráði hafa verið haldnir reglulega þar sem nemendum hefur gefist kostur á að kynna málefni sín; hagsmunamál og viðburði. Á haustönn 2016 verður haldinn sk. lýðræðisfundur með nemendum, með svipuðum hætti og var haldinn vorið 2013.

3. Heilsuefling gegn kvíða, streitu og álagi

Fram kom í viðhorfskönnun nemenda að ríflega þriðjungur þeirra finnur fyrir kvíða, hefur áhyggjur af fjármálum sínum og/eða finnst að vinna með námi bitni á skólanum.

Stefnt var að því að efla andlegt heilbrigði, varnir gegn streitu og álagi og draga úr óhóflegri vinnu með námi m.a. með fræðslu um streitu, álag, forgangsröðun verkefna og hollan lífsstíl.

Margvíslegt starf var unnið á síðasta skólaári í þessu skyni. Námsráðgjafar undirbjuggu áfanga sem boðið verður upp á nú í haust og ber heitið „sálfræði daglegs lífs“. Þar er nemendum, sem eru að kljást við þunglyndi og/eða kvíða, boðið sérstaklega að taka þátt. Jafnframt hafa námsráðgjafar undirbúið fræðslufyrirlestur fyrir foreldra sem haldinn verður um miðja haustönn 2016 með eins konar þjóðfundi í lok annar. Námsráðgjafar lögðu fyrir nýnema skimunarpróf varðandi brotthvarfshættu og boðuðu í kjölfarið nemendur í mestri hættu í viðtal. Þessu verður haldið áfram á yfirstandandi skólaári.

Heilsuteymið sá um heilsudaginn 4. október sem er orðinn að föstum lið. Styrkur að upphæð kr. 200.000 fékkst hjá Lýðeilsusjóði til að halda námskeið fyrir nemendur og jafnvel forledra til að að efla

geðheilsu og vellíðan nemenda með það að markmiði að fyrirbyggja depurð, kvíða og aðra áhættuþætti. Námskeið og fyrirlestrar fara fram í október 2016.

4. Mötuneyti skólans

Aðeins um 58% nemenda töldu matinn í mötuneyti skólans góðan. Margar skriflegar athugasemdir komu fram í viðhorfskönnunum nemenda um hollustu, fjölbreytni og einkum of hátt verð í mötuneytinu sem gerir það að verkum að nemendur leita annað.

Af þessum sökum var stefnt að því bæta fjölbreytni, hollustu, gæði og verð í mötuneyti skólans og gera úttekt á þessum þáttum.

Orðið hefur aukning á sölu matar um 4% milli ára 2013-14 og 2015-16 hjá nemendum. Boðið hefur verið upp á grænmetisrétti þrisvar sinnum í viku og einnig hafa verið í boði réttir sem eru ætlaðir ungu kynslóðinni, 2-3 sinnum í viku. Það hefur skilað góðum árangri. Nemendur eiga kost á að kaupa sé hafragraut á morgnana og fá hann ókeypis tvisvar í viku (mánudaga og miðvikudaga).

5. Námsþing Borgarholtsskóla

Aðeins ríflega 60% nemenda töldu að sér gengi vel að nýta sér námsþing skólans. Markmiðið var auka fjölda þeirra nemenda sem nýta námsþingið sér til gagns með því að kanna hvað veldur þessari svörun og grípa til aðgerða í kjölfarið.

Bæði nýir nemendur og eldri hafa verið hvattir til að notfæra sér námsþingið. Eftir er að mæla aftur fjölda þeirra sem telja að sér gangi vel að nýta sér námsþingið.